

Tillaga til þingsályktunar

um upptöku Tobin-skatts.

Flm.: Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að undirbúa upptöku svonefnds Tobin-skatts á fjármagnsflutninga milli landa. Þá fari fram á því markviss athugun hvort Íslendingar ættu að setja skatt á gjaldeyrisviðskipti af stærðargráðu sem einhverju nemur, óháð því sem gerist á erlendri grundu, til þess að verja samfélagið fyrir óábyrgri spákaupmennsku með gjaldmiðil þjóðarinnar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 140. löggjafarþingi (þskj. 119, 119. mál) en hlaut ekki afgreiðslu og er því lagt fram að nýju.

Hugmyndin um alþjóðlegan skatt á fjármagnsflutninga milli landa var sett fram í byrjun áttunda áratugarins af nóbelsverðlaunahafanum James Tobin, prófessor í hagfræði við Yale-háskóla í Bandaríkjunum. Upphaflega markmiðið með slíkum skatti var að renna stoðum undir sjálfstæða efnahagsstefnu ríkja heims og draga úr gengissveiflum einstakra gjaldmiðla. Á síðari árum hefur Tobin-skatturinn einnig verið nefndur sem leið til að verja gjaldmiðla fyrir árásum spákaupmanna og til að fjármagna aðkallandi alþjóðaverkefni. Í stuttu máli má segja að útgangspunkturinn með slíkri skattheimtu sé að treysta efnahagslegt öryggi hvarvetna í heiminum.

Talið er að nú fari jafnvirði vel á annað hundrað þúsunda milljarða króna milli landa á degi hverjum og þar af séu yfir 80% hrein spákaupmennska. Umfang þessarar verslunar hefur aukist gríðarlega á síðustu árum og nífaldaðist á árunum 1986–98. Um 40% fjármagnsins fer hringinn í viðskiptaheiminum á þremur dögum og 80% kemst aftur á byrjunarreit á aðeins einni viku. Á fyrsta áratug þessarar aldar hefur enn bætt í!

Íslendingar fengu að kynnast afleiðingum spákaupmennsku af þessu tagi og átti spákaupmennska með gjaldeyri án efa þátt í fjármálahruginu undir lok fyrsta áratugar nýrrar aldar. Í aðdraganda hrunsins hafði heildarvelta viðskipta með gjaldeyri aukist hröðum skrefum.

Íslendingar voru nánast varnarlausir hvað þetta varðar og var sú hávaxtastefna sem Seðlabanki Íslands kynti undir sem olía á eld enda markmið að draga erlent fjármagn inn í íslenskt fjármálakerfi þar sem boðið var upp á kostakjör eins og það hét. Á sama tíma urðu veruleg brögð að því að fjármálamenn og fjármálastofnanir reyndu að rétta sinn hlut í rekstri kerfisins með því að skjóta háum upphæðum inn og út úr landinu eftir því sem vindar blésu á fjármála-markaði með það að markmiði að hafa hagnað af braski með gjaldeyri þjóðarinnar.

Nú um stundir búa Íslendingar við gjaldeyrishöft og mikilvægt er að búa svo um hnúta áður en þeim er aflétt að þjóðin verði ekki aftur spákaupmennsku að bráð. Fyrirbyggjandi aðgerð væri án efa skattlagning á fjármagnsflutninga af því tagi sem James Tobin lagði til á sínum tíma og hefur síðan verið kennd við nafn hans.

Segja má að áhugi á hugmynd James Tobins hafi vaxið mjög eftir fjármálakreppuna í Suð-

austur-Asíu haustið 1997. Þá átti spákaupmennska drjúgan þátt í því að gjaldmiðlar Malasíu, Filippseyja og Indónesíu hrundu en kreppan teygði anga sína mun víðar, þar á meðal til Taílands, Suður-Kóreu og Japans. Í framhaldinu neyddust mörg ríkjanna til að taka gríðarlega fjármuni að láni til að fleyta sér yfir erfiðustu hjallana.

Í umræðu um Tobin-skatt hefur verið miðað við 0,1–0,25% skatt eftir því hve upphæðin er há í hverju tilviki. Erfitt er að gera sér grein fyrir hve mikill afraksturinn af slíkri skattlagningu yrði á heimsvísu en hann mundi án vafa nema tugum milljarða króna á ári. Svo lág skattprósenta sem Tobin gerði ráð fyrir mundi engu að síður tryggja að skatturinn hefði ekki áhrif á langtímafjárfestingar en hamlaði engu að síður gegn spákaupmennsku. Höfuðstóll spákaupmanna mundi rýrna hratt við að vera fluttur oft á dag og skattlagður í hvert skipti.

Um síðustu aldamót höfðu bæði kanadíska þingið og ríkisstjórn Finnlands lýst yfir stuðningi sínum við hugmyndina. Einnig hefur Tobin-skatturinn komið til umræðu á löggjafarþingum Bretlands, Frakklands og Bandaríkjanna, svo að dæmi séu tekin. Allra síðustu ár hefur minna verið rætt um Tobin-skatt en í ljósi hræringa í alþjóðafjármálakerfinu er hann nú að komast á dagskrá að nýju. Hvað sem því líður er mikilvægt að Íslendingar, sem brenndir eru af spákaupmennsku í gjaldeyrisviðskiptum og ætti að vera umhugað að leggja sitt af mörkum til fyrirbyggjandi ráðstafana, standi í framvarðasveit við að setja þetta mál að nýju á dagskrá.

Það skal tekið fram að þegar skattlagning af þessu tagi er annars vegar er að ýmsu að hyggja. Ýmsum spurningum er ósvarað, m.a. um hvernig innheimta beri skattinn, hver eigi að vera vörsluaðili teknanna og hversu langt sé hægt að ganga í samræmingu laga og reglna um slíkan skatt án þess að ganga á fullveldi ríkja. Flestir eru hins vegar sammála um að Tobin-skatturinn komi ekki að gagni nema um hann náist alþjóðleg samstaða. Ef ríki neita að leggja á slíkan skatt telja margir að gjaldeyrisverslunin mundi flytjast þangað. Þetta eru þó aðeins getgátur. Hvað ráðstöfun teknanna af slíkum skatti snertir hafa verið nefndir til sögunnar málaflokkar á borð við hungur, ólæsi, friðargæslu, hreinsun jarðsprengjusvæða og brýn verkefni í umhverfismálum.

Ljóst er af framansögðu að nauðsynlegt er að fulltrúar allra ríkja heims komi saman til að ræða málið enda snertir það alla jarðarbúa með einum eða öðrum hætti. Því er hér skorað á ríkisstjórn Íslands að beita sér fyrir upptöku málsins á alþjóðavettvangi.

Jafnframt þyrfti að íhuga hvort Íslendingar ættu að setja skatt á gjaldeyrisviðskipti af stærðargráðu sem einhverju nemur óháð því sem gerist á erlendri grundu til þess að verja samfélagið fyrir óábyrgri spákaupmennsku með gjaldmiðil þjóðarinnar.

Tobin-skatti hefur áður verið hreyft í umræðum á Alþingi og flutti Ögmundur Jónasson þingsályktunartillögu þess efnis að hefja undirbúning upptöku Tobin-skatts á fjármagnsflutninga milli landa haustið 2000 á 126. löggjafarþingi (þskj. 11, 11. mál). Illu heilli var tillagan ekki samþykkt þá.